

Mál nr. 8
Valur
gegn
Gróttu

Kæra Vals
Dómkröfur

Leikur dæmist Gróttu tapaður 0-3 vegna þess að notaðir voru þrír ólöglegir leikmenn.

Málavextir:

Í leiknum Valur – Gróttu í 2. flokki B-liða þann 17/9 sl. voru þrír byrjunarliðsleikmenn 2. fl. A-liðs Gróttu í leik geng Hetti/Huginn/Einherja þann 16/9 sl.

Þessi leikmenn eru:

1 Jón Ívan Rivine
28 Arnór Guðjónsson
92 Axel Fannar Sveinsson.

Þeir Jón og Arnór voru í byrjunarliði í 2. flokks B í leiknum en Axel kom inn á 62. mínútu.

Meðfylgjandi eru skýrslur úr leikjunum.

Tilvísun:

Vísað er til reglugerðar 25.1.6: Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 2. aldursflokks B liða er ber nafnið 2. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 2. flokki B hefur engin áhrif á 2. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.

Röksemdir:

Sjá tl. 1,2 og 3 að framan og meðfylgjandi leikskýrslur leiks Vals og Gróttu í 2. fl B þ. 17/9 sl. og leiks Hattar/Hugins/Einherja og Gróttu í 2.fl. A þann 16/9 sl.

Sönnungargögn:

Meðfylgjandi leikskýrsla og efnisatriði í tl. 1,2,3 og 4 að framan.

Vitni:

Einar Ólafsson þjálfari Vals

Virðingarfyllst

Haraldur Daði Ragnarsson framkvæmdastjóri

Greinargerð frá Gróttu

Við fulla ábyrgð á mistökum okkar.

kveðja,

Úlfur Blandon – Yfirþjálfari Gróttu

Úrskurður frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2012, þriðjudaginn 9. október er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Halldóri Frímannssyni og Sigurði I. Halldórssyni

Fyrir er tekið málið nr. 8 / 2012

Knattspyrnufélagið Valur, knattspyrnudeild

gegn

Gróttu, knattspyrnudeild

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi: Knattspyrnufélagið Valur, knattspyrnudeild
Kennitala: 670269-2569
Hliðarenda, 101 Reykjavík

Kærði: Gróttu, knattspyrnudeild
Suðurströnd, 170 Seltjarnarnes

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests þann 20. september sl. með símbrefi. Dómari gaf hinu kærða félagi, Gróttu, kost á að gera athugasemdir við kæruna. Svar barst með tölvupósti þann 24. september s.l. Þar kemur fram að hið kærða félag tekur fulla ábyrgð á þeim mistökum sem gerð voru

Kröfur:

Kærandi krefst þess að leikur dæmist Gróttu tapaður 0-3 vegna þess að notaðir voru þrír ólöglegir leikmenn í leik Vals gegn Gróttu í 2. flokki B þann 17. 9. s.l..

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Í ofangreindum leik Valur – Gróttu í 2. flokki B-liða þann 17/9 sl. voru þrír byrjunarliðsleikmenn 2. fl. A-liðs Gróttu í leik gegn Hetti/Huginn/Einherja þann 16/9 sl.

Þessir leikmenn eru:

1 Jón Ívan Rivine

28 Arnór Guðjónsson

92 Axel Fannar Sveinsson.

Þeir Jón og Arnór voru í byrjunarliði í 2. flokks B í leiknum en Axel kom inn á 62. mínútu. Vísað er til leikskýrslna úr báðum ofangreindum leikjum sem lagðar eru fram í afriti.

Vísan í lög og reglugerðir

Vísað er til reglugerðar 25.1.6: Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 2. aldursflokks B liða er ber nafnið 2. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 2. flokki B hefur engin áhrif á 2. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins

Lýsing á helstu röksemdum:

Sjá rök hér að framan og meðfylgjandi leikskýrslur leiks Vals og Gróttu í 2. fl. B þ. 17/9 sl. og leiks Hattar/Hugins/Einherja og Gróttu í 2. fl. A þann 16/9 sl.

Gögn málsins:

Meðfylgjandi leikskýrslur og efnisatriði í tl. 1, 2, 3 og 4 að framan.

Vitni:

Einar Ólafsson þjálfari Vals.

III

Niðurstaða:

Hið kærða félag svaraði eins og áður hefur fram komið með tölvupósti þann 24. september s.l. Þar kemur fram að hið kærða félag tekur fulla ábyrgð á þeim mistökum sem gerð voru.

Ber því að taka allar kröfur kæranda til greina, enda er hér um að ræða brot á grein 25.1.6. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Úrslitum framangreinds leiks sem fram fór þann 17. 9. sl. er breytt þannig að kæranda, Val verði dæmdur 3-0 sigur vegna ólöglegra leikmanna Gróttu.

Ekki verður hjá því komist að sekta hið kærða félag um kr. 10.000.- vegna framangreinds brots.

Úrskurðarorð:

Leikur Vals gegn Gróttu í 2.flokki karla B sem fram fór þann 17.9.2012 skal dæmdur tapður fyrir Gróttu með markatölunni 0-3.

Gróttu, knattspyrnudeild ber að greiða kr 10.000.- í sekt til KSÍ.

Gunnar Guðmundsson

Halldór Frímannsson

Sigurður I Halldórsson

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.